



Akraneskaupstaður

Bæjarstjórn - 1252

FUNDARBOÐ

**1252. fundur bæjarstjórnar
verður haldinn í bæjarþingsalnum, Stillholti 16-18,
11. apríl 2017 og hefst kl. 17:00**

Dagskrá:

Almenn erindi

1. 1702180 - Kosning í ráð og nefndir 2017

Valdís Eyjólfsdóttir fulltrúi Sjálfstæðisflokksins hefur óskað eftir því að láta af störfum í stjórn Orkuveitu Reykjavíkur.

Rakel Óskarsdóttir fulltrúi Sjálfstæðisflokksins tekur sæti í hennar stað.
Ólafur Adolfsson tekur sæki sem varamaður í stað Einars Brandssonar.

Afgreiðsla til staðfestingar

2. 1602244 - Aðalsk. - Vallholt 5, breyting

Á 58. fundi skipulags- og umhverfisráðs var tillaga að breytingu á aðalskipulagi Vallholts 5 lögð fram. Tillagan var auglýst með athugasemdafresti frá 20. janúar til og með 6. mars 2017. Athugasemdir bárust.

Skipulags- og umhverfisráð samþykkti fyrirbyggjandi umsögn dags. 22. mars 2017 um athugasemdir vegna aðalskipulagsbreytingarinnar með þeim breytingum sem samþykktar voru á fundinum.

Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarstjórn að hin auglýsta tillaga að breytingu á aðalskipulagi verði samþykkt með vísan til fyrirbyggjandi umsagnar.

3. 1511208 - Deilisk. Ægisbrautar - Vallholt 5

Á 58. fundi skipulags- og umhverfisráðs var tillaga að breytingu á deiliskipulag Ægisbrautar lögð fram. Tillagan var auglýst með athugasemdafresti frá 20. janúar til og með 6. mars 2017. Athugasemdir bárust.

Skipulags- og umhverfisráð samþykkti fyrirbyggjandi umsögn dags. 22. mars 2017 um athugasemdir vegna deiliskipulagstillögunnar. Sú breyting er gerð frá auglýstri deiliskipulagstillögu að bílastæðum innan lóðar er fjölgað úr 12 í 16.

Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarstjórn að hin auglýsta tillaga að breytingu á deiliskipulagi verði samþykkt með vísan til fyrirbyggjandi umsagnar.

4. 1702129 - Deilisk. Skógarhverfi 1. áf. - Seljuskógar 6-8

Á 58. fundi skipulags- og umhverfisráðs var fjallað um breytingu á deiliskipulagi sem felur í sér að heimila kjallara undir hluta hússins.

Breytingin var grenndarkynnt fyrir fasteignaeigendum við Seljuskóga 7, Eikarskóga 1, 3, 5 og 7 í samræmi við 2. mgr. 43. gr. og 2. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Grenndarkynningu lauk 24. mars s.l. og bárust engar athugasemdir.

Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarstjórn að skipulagsbreytingin verði samþykkt og auglýst í B-deild Stjórnartíðinda.

5. 1310152 - Umferðaröryggisáætlun - starfshópur

Á 58. fundi skipulags- og umhverfisráðs var umferðaröryggisskýrsla Akraneskaupstaðar samþykkt. Ráðið vísar skýrslunni til staðfestingar bæjarstjórnar Akraness.

Fundargerðir til kynningar

6. 1701005 - Fundargerðir 2017 - bæjarráð

3206. fundargerð bæjarráðs frá 30. mars 2017.

7. 1701008 - Fundargerðir 2017 - skipulags- og umhverfisráð

58. fundargerð skipulags- og umhverfisráðs frá 3. apríl 2017.

59. fundargerð skipulags- og umhverfisráðs frá 6. apríl 2017.

8. 1701007 - Fundargerðir 2017 - skóla- og frístundaráð

58. fundargerð skóla- og frístundaráðs frá 4. apríl 2017.

9. 1701021 - Fundargerðir 2017 - Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi

129. fundargerð stjórn Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi frá 8. mars 2017.

10. 1704004 - OR - aðalfundur 2017

Aðalfundargerð Orkuveitu Reykjavíkur frá 3. apríl 2017.

11. 1701024 - Fundargerðir 2017 - Faxaflóahafnir

155. fundargerð stjórnar Faxaflóahafna frá 10. mars 2017.

12. 1701020 - Fundargerðir 2017 - Samband íslenskra sveitarfélaga

847. fundargerð stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga frá 24. febrúar 2017.

848. fundargerð stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga frá 24. mars 2017.

7. apríl 2017
Steinar Adolfsson,
sviðsstjóri stjórnsýslu- og fjármálasviðs.